

Miðvikudaginn 1. okt. 1930.

Nr. 25/1930. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)  
 gegn  
**Guðmundi Guðmundssyni**  
 (Lárus Fjeldsted).

Sýknudómur.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 18. febr. 1930: Hinn kærði, fyrverandi héraðslæknir Guðmundur Guðmundsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Málskostnaður greiðist af almannafé.

### Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, er það ekki sannað, að kærði hafi látið af hendi lyfseðla þá, er ræðir um í máli þessu, án þess að hafa gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengið hafi verið nauðsynlegt til lækningar, eða að hann hafi misbeitt á annan hátt lækningaleyfi sínu til að útvega mönnum áfengi til neyzlu.

Það er einnig, eftir því, sem fram er komið í rannsókn málsins, ósannað, að kærði hafi látið úti áfengislyfseðla til sama manns með styttra millibili en ákveðið er í 7. gr. reglugjörðar um sölu áfengis til lækninga, 29. dez. 1928.

Hinsvegar hefir kærða, svo sem nánar er sagt í hinum áfrýjaða dómi, láðst að rita á allmarga áfengislyfseðla nákvæma fyrirsögn um notkun lyfsins. en fyrir þetta brot á hinu fyrirskipaða formi áfengislyfseðla verður eigi refsað, með því að næga heimild fyrir því er ekki að finna í þágildandi áfengislögum, 7. maí 1928.

Slik heimild hefir aftur á móti verið tekin upp í núgildandi áfengislöggjöf með lögum nr. 60, 19. maí

Þ. á., um breytingu á lögum nr. 64, 7. maí 1928, en með þeim hefir sá viðauki verið gjörður við 21. gr. áfengislaganna, að læknir, sem »brýtur reglur þær, er settar eru eða settar verða til tryggingar því, að áfenglyf verði ekki höfð til nautnar, heldur aðeins til lækninga«, skuli sæta refsingu samkvæmt 38. gr. áfengislaganna, og í greinargjörðinni fyrir frumvarpinu er það tekið fram, að umrædd breyting á 21. gr. áfengislaganna sé nauðsynleg »til þess að reglugjörðarákvæði um þetta efni verði bindandi. Annars verða þau dauð og marklaus«.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða lögregluréttardóm að öllu leyti, og greiðist áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors, af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað.

Áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Fjeldsted, 50 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er að fyrirlagi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn fyrverandi héraðslækni Guðmundi Guðmundssyni í Stykkishólmi fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 7. maí 1928, og reglugjörð nr. 85, 29. dezbr. 1928, um sölu áfengis til lækninga.

Tildrög máls þessa eru þau, að með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. júlí f. á., kærir síra Björn Þorláksson í Reykjavík fyrverandi héraðslæknir Guðmund Guðmundsson í Stykkishólmi fyrir að hafa dagana 24.—30. janúar f. á. látið úti 50 áfengislyfseðla og aftur dagana 27. apríl—30. maí f. á. alls

49 áfengislyfseðla. Álitur kærandi, að af fyrirbyggjandi ástæðum hljóti að leika grunur á því, ekki sízt með tilliti til aldurs kærða, að hann muni ekki hafa, áður en hann gaf út áfengislyfseðlana, gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengið hafi verið nauðsynlegt til lækninga, svo sem fyrirskipað er í 21. gr. áfengislaga nr. 64, 7. maí 1928. Í öðru lagi hafi kærði hinn 25. og 26. maí f. á. látið úti áfengislyfseðil til sama mannsins, Bergs Jakobssonar í Öxney, og þar með gjörz brotlegur gegn ækvæðum 7. gr. reglugjörðar 29. dezbr. 1928 um sölu áfengis til lækninga. Loks hafi kærði eigi ritað aðra notkunarfyrirsögn en orðin »Eftir umtali« á þá 49 áfengislyfseðla, er hann samkvæmt framansögðu gaf út á tímabilinu 27. apríl—30. maí f. á., og hafi hann þar með brotið gegn 6. gr. reglugjörðar 29. dezbr. 1928.

Nefnt bréf síra Björns Þorlákssonar, ásamt þargreindum 99 áfengislyfseðlum, framsendi dóms- og kirkjumálaráðuneytið hingað með bréfi, dags. 13. ágúst f. á., með fyrirlagi um rannsókn málsins. Út af hinum þremur framangreindum kæratriðum hefir mál þetta svo, að undangenginni rannsókn, verið höfðað gegn hinum kærða, fyrverandi héraðslækni Guðmundi Guðmundssyni í Stykkishólmi, eftir fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins.

Við rannsókn málsins voru allir hinir framangreindu 99 áfengislyfseðlar framlagðir og sýndir kærða, er viðurkenndi, að hann gæti ekki betur séð en að hann hefði með eigin hendi ritað og útgefið alla seðlana, en fullyrti, að í hvert skifti hefði áður en áfengislyfseðill hafi verið útgefinn, farið fram rannsókn á sjúklingunum og heilsufari þeirra, og að þeir hefðu allir kvartað yfir einhverjum lasleika, svo sem innkulsí og skjálfta, kvefi, forkölelsi og meltingartruflunum, og hefir kærði borið að hafa því aðeins gefið út lyfseðlana, að hann á grundvelli konsultationarinnar hafi álitid lyfseðlana eiga við. Kveður kærði það jafnframt með öllu rangt, að hann sé aldurs vegna orðinn ófær til læknisstarfa, því að hann sinni enn ýmsum læknisstörfum, og hafi t. d. frá því í júní 1928 og til vors 1929 hjálpað 4 sængurkonum í héraðinu, þar af ein vending, er jafnan sé talin erfið handlæknisaðgerð, og hafi öllum sængurkonunum og börnunum farnast vel.

Yfirheyrðir hafa verið þeir móttakendur áfengislyfseðlanna, er til hefir náðz, og hafa þeir allir borið, að þeir hafi vitjað læknisins sakir lasleika, lýst fyrir honum lasleika sínum og að

læknirinn hafi spurt þá út um hann og fyrst að því loknu gefið út lyfseðil handa þeim.

Þar sem læknisrannsókn hefir þannig, eftir því sem fyrir liggur, farið fram áður en lyfseðlarnir hafa verið gefnir út, þykir útgáfa lyfseðlanna ekki að þessu leyti geta talist brjóta í bága við ákvæði 21. gr. áfengislaga nr. 64, 7. maí 1928, og verður því, að áliti réttarins, að sýkna kærða af þessu kæratriði.

Þá er kærði sakaður um, að hafa hinn 25. og 26. maí f. á. gefið út áfengislyfseðla handa Bergi Jakobssyni í Öxney. Nefndur Bergur Jakobsson hefir borið, að hafa aðeins fengið hinn fyrri lyfseðilinn, útgefinn 25. maí f. á., en ekki hinn síðari. Hafa þeir verið samprófaðir um þetta atriði, kærði og Bergur Jakobsson, en árangurslaust; kærði hefir skýrt frá, að hann að svo löngum tíma liðnum muni ekki neitt nánar um þetta nema það, að maður þessi muni hafa konsulerað sig síðastliðið vor, en kveðst ekki geta gjört grein fyrir því, hvornig standi á þessu ósamræmi milli seðlanna annarsvegar og framburðar téðs Bergs Jakobssonar hinsvegar. Á annan hátt hefir þetta eigi heldur getað orðið upplýst. En þar sem þannig brestur sönnun fyrir því, að kærði hafi látið úti áfengislyfseðil til sama manns með styttra millibili en ákveðið er í 7. gr. reglugjörðar 29. dezbr. 1928, þykir verða að sýkna kærða af þessu kæratriði.

Í þriðja lagi er kærði sakaður um, að hafa á hina 49 lyfseðla, sem þingmerktir eru sem nr. 55—103, eigi ritað aðra notkunarfyrisögn en orðin »Eftir umtali«, og að hafa með því gjörz brotlegur gegn ákvæðum 6. gr. reglugjörðar 29. dezbr. 1928 um sölu áfengis til lækninga. Téðir lyfseðlar bera það með sér, að hin ritaða notkunarfyrisögn á lyfseðla þessa er eigi frekari en hin tilvitnuðu orð »Eftir umtali«. Kærði hefir tekið fram, að margir læknar fleiri en hann muni ekki hafa ítarlegri notkunarfyrisögn, og sé þá gengið út frá, að hið nánara umtal í læknisviðtalinu eigi að nægja í þessu efni, enda sé það einnig venja við marga aðra lyfseðla, að árita þá eigi um frekari notkunarfyrisögn en þessi orð. Í 6. gr. reglugjörðar nr. 85, 29. dezbr. 1928, um sölu áfengis til lækninga, er svo fyrirmælt, að læknir skuli á hvern áfengislyfseðil rita nákvæma fyrisögn um notkun áfengisins. Orðin »Eftir umtali« geta ekki talizt nákvæm notkunarfyrisögn og er því hér um að ræða brot á téðri grein reglugjörðarinnar, en að visu aðeins brot á fyrirskipuðu formi við útgáfu áfengislyfseðils

og út af fyrir sig ekki brot á áfengislögunum sjálfum. Kemur því til álita, hvort refsa beri fyrir brot á þessu fyrirskipaða formi áfengislyfseðla sem fyrir brot á áfengislögunum.

Í hinum fyrri áfengislögum, lögum nr. 15, 8. júní 1925, um aðflutningsbann á áfengi, er numin voru úr gildi með 48. gr. áfengislaga 7. maí 1928, var svo fyrirmælt í 17. gr.: »Nú lætur læknir áfengi af hendi án þess að hafa fullvissað sig um þörf beiðanda á því til lækninga, eða læknir brýtur reglur þær, sem settar eru eða settar verða samkvæmt 2. málsgr. 9. gr., og skal hann þá sæta sektum« o. s. frv. Hér var þannig ótvíræð lagaheimild fyrir hendi til þess að beita sektum fyrir brot á hinum settu reglum út af fyrir sig, enda þótt eigi væri um að ræða brot á sjálfum áfengislögunum. Slik heimild til þess að beita viðurlögum fyrir brot á hinum settu reglum um sölu áfengis til lækninga, án þess að fyrir liggi brot á áfengislögunum sjálfum, finnst ekki tekin upp í hin núgildandi áfengislög, 7. maí 1928. Með tilliti til þessa, sbr. einnig dóma um hliðstæð efni í dómasafni hæstaréttar 1925, bls. 95—100 og bls. 149—151, þykir ekki unnt að láta umrætt brot kærða gegn ákvæðum 6. gr. reglugjörðar nr. 85, 29. dezbr. 1928, varða refsiviðurlögum áfengislaganna, og verður því að sýkna kærða einnig af þessu kærutriði. Og þar sem kærði hefir eigi notað önnur áfengislyfseðlaeyðublöð en þau, sem honum hafa verið úthlutað af landlækni, og eigi gefið út lyfseðla fram yfir skammt, verður að sýkna hann af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu og málskostnaður að greiðast af almannafé.

---

Föstudaginn 3. okt. 1930.

Nr. 36/1930. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**A. J. Herbert** (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. apríl 1930: Kærður, Archiblad Jewison Herbert, greiði 12500 króna sekt í Landhelgisjód Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.